

Alþingi

Athugasemdir umsagnaraðila við Erindi nr. P 118 / 418
frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar, Kómunudagur 8 / 12 1994
206. mál.

(Umsagnir eru frá 118. og 117. þingi og einnig um
frumvarpsdrög sem umhverfisráðherra kynnti á Vesturlandi.)

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum vernd á landslagi, einstökum jarðmyndunum og lífríki, auk varðveislu menningarsögulegra minja.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Hugtakið „vernd“ er ekki skilgreint í greininni og litla vísbendingu er að finna í frumvarpstextanum sjálfum um nákvæma merkingu þess. Til samanburðar má benda á 1. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en í þeirri grein má finna nokkuð skýrar leiðbeiningar um markmið og tilgang þeirra laga. Ef höfð er hliðsjón af því sem kemur fram í almennum athugasemdum með frumvarpinu, bls. 3-4, er lagt til að 1. gr. hljóði svo:

Markmið laga þessara er að vernda Breiðafjörð einkum landslag hans, jarðmyndanir og lífríki auk menningarminja sem á svæðinu eru og tryggja að þeir sem heimsækja svæðið eigi kost á að njóta náttúru þess.

Með lögum þessum skal stefna að því að auka þekkingu á náttúru og sögu svæðisins með auknum rannsóknum.

2. gr.

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Hrafnanesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Búlandshöfða að sunnanverðu.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Náttúruverndarráð leggur til að hið verndaða svæði verði stækkað og að 2. gr. hljóði svo:

Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt grunnsævi, fjörum og strandlónum í innfjörðum og innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stangleý og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu.

Sjávarútvegsráðuneyti, Jón B. Jónasson. (117. þing)

Í 2. gr. frumvarpsins segir að ákvæði laganna taki til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innra hluta fjarðarins innan ákveðinnar línu. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að umhverfisráðherra setji reglugerð um vernd lífríkis og skynsamlega nýtingu þess.

Ráðuneytið lítur svo á, að heimild umhverfisráðherra, verði frumvarp þetta að lögum, til setningar reglugerða um vernd og nýtingu lífríkis á svæðinu, komi einungis til að gilda um þann hluta lífríkisins, sem að öllu leyti eða að hluta til heldur sig á þurru landi. Sjávarútvegsráðherra fari að öllu leyti með vernd og stjórn nýtingar allra þeirra sjávardýra og

sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð, gildi ekki um þau sérlæg sbr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða og 12. gr. auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Ráðuneytið telur rétt, að ofangreind skipting verkefna milli sjávarútvegsráðherra og umhverfisráðherra, verði áréttuð í lagatextanum þannig að ekki valdi misskilningi.

Eyjaferðir, Pétur Ágústsson. (117. þing)

Við teljum alveg út í hött að sveitarstjórnir við Breiðafjörð afsali sér umráða- og ráðstöfunarrétti yfir landsvæðum innan sveitarfélaganna. Við teljum í raun mjög hættulegt að einn aðili, þ.e.a.s. í þessu tilfalli, umhverfisráðherra, geti ráðskast með slíka hluti. Að vísu er talað um aðstoð svokallaðrar Breiðafjarðarnefndar en hún mun einungis vera ráðgefandi. Með þessu lagi má reikna með að eiginhagsmunir einstakra landeigenda geti, jafnvel með pólitísku poti, orðið hærra settir en almanna heill varðandi þetta svæði.

Hermann Guðmundsson. (117. þing)

Á eftir „fjörum“ í fyrstu línu komi „og grunnsævi allt að 20 metrum“.

Ef nauðsynlegt telst að ráðherra hlutist til um jarðrask í hólum og eyjum, tel ég sýnu nauðsynlegra að umhverfisráðherra hafi síðasta orðið um veiðar og umgang lífríkis á grunnsævi, þannig að það megi erfast sem minnst spillt til eftirkomenda okkar. Í þessu sambandi vil ég benda á, að það heyrir orðið til undantekninga að sjá landsel í Suðureyjum. Kemur þar tvennt til: verðlaun hringormarnefndar og nær ótakmarkaðar lagnir grásleppuneta um árabíl.

Í sömu grein legg ég til að línar verði dregin úr Oddbjarnarskeri í Selsker og þaðan í Búlandshöfða.

3. gr.

Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum þessum. Um vernd menningarsögulegra minja fer samkvæmt þjóðminjalögum og fer menntamálaráðherra með yfirstjórn þeirra mála.

Menntamálaráðuneyti. (117. þing)

Með hliðsjón af ákvæðum 3. og 4. gr. frumvarpsins skal bent á, að um vörslu menningarminja fer samkvæmt þjóðminjalögum nr. 88/1989. Ráðuneytið telur æskilegt að það verði skýrt tekið fram í 3. gr. frumvarpsins, að þegar fjallað er um vernd menningarsögulegra minja skuli gætt ákvæða þjóðminjalaga.

Húsafríðunarnefnd ríkisins. (117. þing)

Það er álit húsafríðunarnefndar að ekki sé nægjanlega skýrt tekið fram að menningarminjar sem eru eldri en 100 ára eru friðaðar samkvæmt ákvæðum þjóðminjalaga. Bein tilvísun í þjóðminjalögin væri heppilegri enda falla friðlýstar fornminjar undir þjóðminjaráð og fornleifanefnd.

Með lagafrumvarpinu virðist vera lagt til að yfirstjórn þessa málaflokks eigi að flytjast undir umhverfisráðherra og Breiðafjarðarnefnd, sem ekki er í samræmi við gildandi þjóðminjalög.

Í frumvarpinu er ekki fjallað um þau menningarverðmæti sem felast í gömlum húsum sbr. þorpið í Flatey. Það virðist að stefnt sé að því, sbr. 3. og 4. gr., að færa umfjöllun um friðuð hús frá húsafríðunarnefnd ríkisins til umhverfisráðherra og Breiðafjarðarnefndar sem ekki er í samræmi við gildandi þjóðminjalög.

Að framansögðu má ljóst vera að húsafríðunarnefnd ríkisins getur ekki fallist á lagafrumvarpið í núverandi mynd. Húsafríðunarnefnd telur mikilvægt að haft verði samráð við Þjóðminjaráð og nefndir sem starfa undir því við endurskoðun lagafrumvarpsins.

4. gr.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga þessara. Í nefndinni eiga sæti sex menn sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Skal einn skipaður eftir tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellinga, einn eftir tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands og einn eftir tillögu Þjóðminjasafns Íslands. Umhverfisráðherra skipar einn nefndarmanna án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Um varamenn gilda sömu reglur. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

Umhverfisráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og umsögnum viðkomandi sveitarstjórna um þær, reglugerð um framkvæmd laganna. Nefndin skal í samráði við sveitarfélögin láta gera sérstaka vörsluáætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Landvörslu ríkisins, minjaverði og yfirvöld þjóðminjavörslu.

Nefndin skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Til þess að styrkja tengslin við þá stofnun sem lengst hefur séð um og rekið friðlýst svæði hér á landi er lagt til að Náttúruverndarráð eigi fulltrúa í nefnd þeirri sem er umhverfisráðherra til aðstoðar og að 4. gr. frumvarpsins verði breytt í samræmi við það.

Jafnframt er gerð athugasemd við reglugerðarheimildina í 2. mgr. 4. gr. Náttúruverndarráð telur að valdaframsalið sem þar kemur fram samrýmist varla 2. gr. stj.skr. og sé til þess fallið að valda réttaróvissu í framkvæmd. Lítil vísbending er í frumvarpstextanum sjálfum um þau efnisatriði sem útfæra á í reglugerð. Ráðið telur að bæta þurfi nokkrum efnisgreinum við frumvarpið til þess að skýra nánar í hverju vernd lífríkis á svæðinu og skynsamleg nýting þess á að vera fólgin. Einkum ber hér að hafa í huga 67. gr. stj.skr. vegna ákvæða um skynsamlega nýtingu svæðisins. Réttast væri að fella reglugerðarheimildina í 4. gr. niður enda er önnur heimild í 5. gr. frumvarpsins.

Félög smábátæigenda í Stykkishólmi og Grundarfirði.(117. þing)

Í Breiðafjarðarnefnd ætti að vera fulltrúi skipaður af Landssambandi smábátæigenda ekki síður en Náttúrufræðistofnun Íslands.

Eyjaferðir, Pétur Ágústsson (umsögn um frumvarpsdrög).

Almennt er varað við því að setja á stofn nefnd fárra manna, sem eiga að hafa alræðisvald í skjóli umhverfisráðherra til að ráðskast með ákvarðanir til verndunar Breiðafjarðaeyja. Það getur haft í för með sér stöðnun á uppbyggingu ferðamannþjónustu og fjölmargra annarra þátta.

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur (umsögn um frumvarpsdrög).

Það er athyglisvert að Vestur-Barðastrandasýsla á engan fulltrúa í nefndinni, en henni tilheyrja Sauðeyjar, Hagadrápssker og allnokkrar eyjar við Hjarðarnes. Hitt þykir mér þó lakara

að hvergi sé ég neitt sem bendir til þess að fagmaður um húsaveynd og þjóðminjar sitji í þessari nefnd sem hefur á sínum snærum eitt best varðveitta svæði um fornminjar og gömul hús á Íslandi. Náttúrufræðistofnun Íslands á, að sjálfsögðu, að eiga þarna hlut að máli en það er ámælisvert að mínum dómi að líta á eyjarnar einungis sem náttúrufrýrbæri. Þær eru ekki síður vörslugarður um mannvirki fyrri tíða og vafalítið stórmerkar sögulegar minjar sem eru undir grænni torfu og í sjó. Af þessum ástæðum tel ég nauðsynlegt að fjölga um tvo í nefndinni.

Mér finnst vanta ákvæði um hlutverk þessarar nefndar og hvaða framtíðarsýn á að gilda. Kannske er erfitt pólitískt að setja um þetta ákvæði vegna þess að hentistefna er svo ríkjandi hér á landi. En vonandi ber mönnum gæfa til að sjá Breiðafjarðarmál í stóru samhengi. Ég sé fyrir mér nefnd sem hefur það að markmiði að vernda náttúru eyjanna; vernda og stuðla að varðveislu gamalla húsa og annarra mannvirkja; stuðla að rannsóknum á jarðfræði og lífríki eyja og fjarðar; stuðla að forleifarannsóknum á öllum byggðum eyjum, með Flatey í fararbroddi. Stuðla að endurreisn fornra mannvirkja svo sem lendingum, sjóvarnargörðum, verbúðum, hleðslum af ýmsum toga með það í huga að endurreisa að einhverju leyti svipmót fyrri tíða. Ef um er að ræða sumarhús þyrfti að taka tillit til þessa og koma algjörlega í veg fyrir nýttiskuleg hús, eins og, því miður, er að finna í Flatey. Í þessari framtíðarsýn er ekki fráleitt að hugsa sér með hvaða hætti endurreisn búsetu í Flatey er möguleg, en eins og allir vita mun hún hanga á bláþræði eins og nú er haldið á málum.

Eyjaferðir, Pétur Ágústsson. (117. þing)

Svokölluð Breiðafjarðarnefnd er, þó ekki sé meira sagt, mjög einkennilega samansett. Þarna er gert ráð fyrir fulltrúum frá þremur Héraðsnefndum við fjórðinn auk fulltrúa frá Náttúrufræðistofnun Íslands, þá mun ráðherra skipa einn nefndarmanna sem eðli samkvæmt mun eflaust vera friðunarsinnaður. Það er ljóst þegar að nefndir, líkt og héraðsnefndir, eru láttnar skipa fulltrúa í nefnd eins og Breiðafjarðarnefnd dettur mönnum fyrst í hug að best sé að fá einhvern sem er með náttúruvernd efst í huga. Við teldum mjög æskilegt og í raun eðlilegt að samtök hagsmunaaðila, s.s. Ferðamálasamtök Snæfellsness, ættu fulltrúa í nefnd sem þessari.

Án þess að vera á móti náttúruvernd vitum við af fenginni reynslu að nefnd sem sett er saman á þennan veg mun verða mjög öfgafull og fátt komast að annað en að sjá til þess að mannskepnan komist helst hvergi nærri svæðinu. Það virðist vera svo að þegar verndaraðgerðir, líkt og að ofan er lýst, eru hafðar í fyrsta sæti séu einungis örfáir útvaldir sem mega berja slík svæði augu eða yfirleitt fara um þau. Öllum almenningi, sem ber kostnað af slíkri verndun, er yfirleitt ekki gert kleift eða reiknað með að hann hafi kost á að fara um slík svæði eða sjá þau. Þó er margsannað að hæfileg og eðlileg umferð manna eru síst til þess fallin að spilla náttúrunni.

Skógarstrandarhreppur. (117. þing)

Á fundi 21. mars tók sveitarstjórn málið fyrir, afstaða gagnvart málinu var frekar jákvæð, þó kom fram að sveitarstjórn finnst óeðlilegt að héraðsnefnd Snæfellinga skipi mann í Breiðafjarðarnefnd þar sem málið snertir ekki beint nema fjögur sveitarfélög af ellefu.

Einnig telur sveitarstjórn að landeigendur á svæðinu þyrftu að eiga sinn fulltrúa í nefndinni.

Samtök selabænda. (117. þing)

Í 4. grein er gert ráð fyrir að ráðherra skipi formann Breiðafjarðarnefndar. Á það skal lögð áhersla að sá formaður sé vel kunnugur aðstæðum, helst heimamaður, en ekki ókunnugur

stofnanamaður úr Reykjavík.

Hermann Guðmundsson. (117. þing)

Inn í þessa grein þarf nauðsynlega að koma ákvæði sem tryggir að fólk úr hópi þeirra sem nytja eyjarnar eigi sæti í nefndinni.

5. gr.

Í reglugerðinni skal kveðið á um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess. Í henni skal enn fremur kveða á um varnir gegn hvers konar mengun svæðis þess sem lögin taka til. Reglugerðin skal einnig kveða á um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar og að fenginni umsögn Þjóðminjaráðs, reglugerð um vernd menningarsögulegra minja á svæðinu, þar á meðal byggðarheildar gamalla húsa í Flatey og vernd sjóminja.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Lagt er til að upphaf 5. gr. hljóði svo: *Í reglugerð skal ...*

Félög smábátaeigenda í Stykkishólmi og Grundarfirði. (117. þing)

Félögin mótmæla þeim athugasemdum sem gerðar eru um 5. gr. frumvarpsins þar sem segir: „Einnig að atvinnuhættir og umferð um svæðið verði þeim hætti að ekki valdi neikvæðum áhrifum á lífríki. Sérstaklega ætti að gæta þess að valda ekki óþarfa truflun fyrir fuglalíf um varptíma og skaða ekki fjöru- og botndýralíf með óæskilegum veiðarfærum eða öðrum verkfærum.“ og einnig þar sem segir: „Jafnvel gæti þurft að takmarka aðgang tímabundið að ákveðnum eyjum eða svæðum á firðinum, t.d. um varptíma, og setja reglur um ferðir báta (leiðir, hraða, stærð, hávaða)“

Við trillukarlar við Breiðafjörð höfum talið okkur vera hluta af lífríki Breiðafjarðar og höfum ávallt borið virðingu fyrir lífríki fjarðarins og umgengist auðlindina með skynsamlega nýtingu að leiðarljósi og ávallt lifað í sátt við náttúruna. Því finnst okkur furðu sæta að 5. gr. skuli vera sett til höfuðs okkur með slíkum hætti.

Við vitum að núverandi umhverfisráðherra er okkur smábátaeigendum velviljaður og sagði hann á fundi hér í Stykkishólmi 12. jan. 1994 að núverandi atvinnuhættir á Breiðafirði skyldu í engu skerðast með tilkomu þessa frumvarps.

Því viljum við að sú tilvitnun komi inn í frumvarpið og hinar fari út, því að þær geta orðið atvinnuháttum okkar trillukarla til skaða, ef t.d. öfgamenn í náttúruvernd fá hljómgrunn í þessari Breiðafjarðarnefnd.

Eyjaferðir. Pétur Ágústsson (umsögn um frumvarpsdrög).

Samkvæmt 5. gr. draganna er gert ráð fyrir að hugsanlega megi loka svæðum í firðinum fyrir aðgangi ferðamanna. Við teljum að ákvæði eins og þetta gefi einstaka „eyjakóngum“ tækifæri til þess að koma fram, oft vafasömum, hugmyndum um verndun sinna eyjaklassa oft án nokkurs rökstuðnings. Við þekkjum dæmi þess að upp hafa komið ótrúlegar kröfur og athugasemdir sem menn hafa viljað getað komið í gegn og með þessu sé verið að gera þeim það kleift.

Við erum því hlynnt að Breiðafjarðaeypjar geti sem lengst verið óspillt náttúruparadís, en hins vegar teljum við reglur um boð og bönn, umfram þær náttúruverndarreglur sem fyrir eru í landinu, komi ekki til með að þjóna neinu nema einkahagsmunum sumra eyjaeigenda.

Við teljum að Breiðafjarðaeypjar séu þjóðareign og það sé ekki réttlætjanlegt að ætla

sér að búa þannig um hnútana að allur almenningur geti ekki notið þess að fara um þetta svæði á skynsamlegan máta.

Jón Magnússon, lögfræðingur (umsögn um frumvarpsdrög).

... fimm menn, skipaðir eftir tillögu héraðsnefnda Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu, einn að tillögu hvernar um sig, og einn eftir tilnefningu Umhverfissráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Eyjaferðir, Pétur Ágústsson. (117. þing)

Í 5. grein er gert ráð fyrir að ráðgjafanefndin geri tillögur að reglum um vernd lífríkis á svæðinu. Þetta er góðra gjalda vert en miðað við það sem segir í athugasemdum við lagafrumvarpið er þessi þáttur í algjörrri andstöðu við það sem t.d. sjávarútvegsráðuneytið hefst að. Á sama tíma og verið er að tala um að skaða ekki fjöru og botndýralíf með óæskilegum veiðarfærum eða öðrum verkfærum heimilar sjávarútvegsráðuneytið gengdarlausar veiðar á ígulkerum. Bátar víða að af landinu veiða ígulker á svæðinu og vinnslustöðvar víða um land fá þau síðan send til sín til vinnslu. Við teljum ígulkeraveiðar hið besta mál, hins vegar er sú þróun sem á sér stað í dag í algjörrri andstöðu við það sem ætti að vera gagnvart því að vernda lífríki fjarðarins og tryggja afkomu fólksins sem býr á svæðinu.

Á meðan ekki er ljóst hversu mikið má veiða af þessari dýrategund væri mun meiri skynsemi að takmarka veiðarnar eingöngu við vinnslugetu heimaaðila. Með þeirri aðferð sem nú er kæmust menn e.t.v. að því einn góðan veðurdag að veiðin sé alltof mikil og verði að stöðva hana tafarlaust. Með því væri lífsafkoma þeirra sem búa við fjörðinn stórlega skert auk þess sem aðrir þættir yrðu settir í stórhættu svo sem markaðsmál o.fl.

Hugleiðing þessi er sett fram til þess að reyna að fá úr því skorið hvort verndun Breiðafjarðar eigi að taka til slíkra þátta eða hvort stefna, eins og t.d. sjávarútvegsráðuneytisins þessu máli muni verða sterkari en það sem fyrirhugað er að ná fram í umræddum frumvarpsdrögum.

Í 5. greininni er ennfremur kveðið á að setja reglugerð til að halma gegn spjöllum á náttúrufari af völdum ferðamanna. Fyrir nokkrum áratugum voru Breiðafjarðareyjar þéttsetnar af fólki og rétt fyrir miðja öldina sigldu fram og til baka á milli eyjanna mikill fjöldi mótorbáta en á þeim tíma voru mótorar þannig gerðir að skellirnir í þeim heyrðust langar leiðir. Undirritaður hefur ekki heyrt þess getið að á þessum tíma hafi náttúrufari Breiðafjarðareyja hrakað. Fuglaveiðar og aðrar veiðar ásamt umferð fólks virðast alls ekki hafa orðið til þess að fjörðurinn hafi borið skaða af.

Það er því afar einkennilegt ef menn fá þær hugmyndir í dag að reglulegar og vel skipulagðar ferðir komi til með að spilla svæðinu þannig að varanlegur skaði hljóti af. Því miður erum við hrædd um að þessar ranghugmyndir komi til með að eiga upp á pallborðið hjá nefnd sem skipuð verði líkt og að ofan er lýst, auk þess sem ákvörðun eins manns, líkt og umhverfissráðherra, eigi engan rétt á sér.

Samtök selabænda. (117. þing)

Við lagasetningu, og síðan verndun, þarf að huga að mörgum þáttum sem snerta svæðið: Netaveiði - túristaumferð - þangöflun - eignarhald jarða - hefðbundinn búskapur o.s.frv. Áhersla sé lögð á að búseta á svæðinu, og hefðbundnar nytjar, eru æskilegasta leiðin til að viðhalda jafnvægi.

6. gr.

Við gerð skipulagsáætlana á því svæði sem um getur í 2. gr. skulu sveitarfélög

leita umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Í skipulagsáætlunum ber að taka tillit til vörslu-
áætlunar Breiðafjarðarnefndar.

Þar sem ekki eru fyrir hendi samþykktar skipulagsáætlanir á því landsvæði sem
um getur í 2. gr. er hvers konar mannvirkjagerð óheimil, svo og jarðrask, nema að
fengnu samþykki Breiðafjarðarnefndar.

Framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum eru
leyfilegar nema spjöllum valdi á menningarsögulegum minjum, náttúruminum eða líf-
ríki að dómi Breiðafjarðarnefndar eða þjóðminjaráðs þegar um fornleifar er að ræða.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Að fenginni reynslu telur Náttúruverndarráð rétt að orðin „mannvirkjagerð“ og
„jarðrask“, sbr. 2. mgr. 6. gr., séu skýrð í frumvarpstextanum, a.m.k. þarf að gefa einhverja
vísbendingu við hvað sé átt.

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur (umsögn um frumvarpsdrög).

Greinin heimilar framkvæmdir sem taldar eru „eðlilegar og nauðsynlegar“ búskap á
lögbýlum nema að þær valdi spjöllum á náttúruminum. Þetta ákvæði er allsendis
ófullnægjandi.

Náttúruminjar eru sérstök og óvenjuleg fyrirbæri í náttúrunni. Mýrar eru ekki endilega
náttúruminjar, svo dæmi sé tekið, og einstaka bændur í eyjunum láta sig enn dreyma um að
ræsa fram mýrar og brjóta land undir tún. Engar náttúruminjar mundu skaddast en samt gæti
það valdið alvarlegum umhverfisspjöllum að ræsa fram mýri eða brjóta land. Vatn er af
skornum skammti, skordýralíf er háð mýrlendi og þá um leið fuglalíf. Fornminjar eiga þarna
í hlut líka því ekkert bannar það að rústa forna ásýnd landsins sem ekki er þegar friðlýst.
Stórslys hafa orðið í sögufrægri Flatey vegna þess að bændur tóku ekki tillit til fornra
mannvirkja sem ekki voru friðlýst. Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að eiga mjög gott
samstarf við bændur um hvers kyns breytingar á mannvirkjum og landi og ráðleggja þeim í
anda verndunar. Bændur eru aðilar sem helst breyta ásýnd lands og þess vegna eiga ákvæði
um allar slíkar framkvæmdir að vera ströng. Það hefur verið vandálítið að búa í eyjunum til
þessa án þess að spilla stórlega landi, húsum og öðrum mannvirkjum, en þegar það hefur gerst
hafa menn að jafnaði staðið snauðari eftir.

Vegagerð ríkisins. (117. þing)

Þau ákvæði laganna, sem snúa að vegum og vegaframkvæmdum er að finna í 6. gr.
frumvarpsins. Þar segir að byggingar og gerð mannvirkja samkvæmt staðfestu skipulagi séu
heimilar, án þess að til komi sérstakt leyfi ráðherra. Með vísun til þess, að allt landið er
skipulagsskylt og vegir því byggðir samkvæmt skipulagi, verður ekki séð, að frumvarpið boði
miklar breytingar hvað varðar vegagerð. Við skipulagslega meðferð vega bætist væntanlega
enn einn umsagnaraðili við þ.e. Breiðafjarðarnefnd. Ekki er þó ástæða til að gera
athugasemdir við það, ef af öðrum ástæðum er talið æskilegt að setja svæðið undir sérstök
lög með sérstakri ráðgjafanefnd.

Skipulag ríkisins. (117. þing)

„Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 með síðari breytingum skulu allar
byggingar og önnur mannvirki gerð í samræmi við gildandi skipulagsuppdrátt.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. sömu laga getur sveitarstjórn, þegar skipulagsuppdráttur er
ekki fyrir hendi, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt, að
fengnum meðmælum skipulagsstjórnar.

Samkvæmt 4. gr. frumvarps til laga um verndun Breiðafjarðar þarf leyfi ráðherra fyrir hvers konar mannvirkjagerð nema hún sé í samræmi við staðfest skipulag eða tengist nauðsynlegum framkvæmdum á lögbýlum.

Með vísan til 2. mgr. 5. gr. skipulagslaga verður í slíkum tilvikum að líta svo á, að auk leyfis sveitarstjórnar og meðmæla skipulagsstjórnar, þurfi samkvæmt frumvarpinu leyfi ráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar.

Það er álit skipulagsstjórnar að umorða þurfi 4. gr. þannig að þetta komi skýrt fram og óvissu um málsmeðferð sé þar með eytt.“

7. gr.

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar með ríkisaðild á Breiðafirði. Framlag ríkisins til stöðvarinnar takmarkast við laun eins starfsmanns í fullu starfi og stofnkostnað vegna húsnæðis, innréttinga og tækjakaupa eftir því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir jafnhátt framlag frá heimamönnum. Í reglugerð, sem ráðherra setur að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar, skal kveða á um stjórn og starfsemi stöðvarinnar.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Lagt er til að ákvæðið verði gert skýrara. Meðal annars vantar í greinina ákvæði um hlutverk eða tilgang rannsóknastöðvarinnar og hvernig stjórn hennar skuli skipuð. Tryggja þarf að þær stofnanir sem hafa á að skipa sérfræðingum sem hafa faglega þekkingu á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar, eigi lögbundinn rétt til þess að tilnefna einn aðila í stjórn stöðvarinnar. Hafa mætti hér til hliðsjónar 4. gr. laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, og skipun stjórnar stöðvarinnar. Ákvæðið gæti hljóðað svo:

Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu rannsóknastöðvar á Breiðafirði eins og fé er veitt til á fjárlögum.

Hlutverk stöðvarinnar er að stunda rannsóknir á lífríki, jarðfræði og menningarmínum Breiðafjarðar og vera stjórnvöldum til ráðuneytis um hvaðeina sem varðar verndun svæðisins.

Umhverfisráðherra skipar fimm fulltrúa í stjórn stöðvarinnar til fjögurra ára í senn. Einn skal tilnefndur samkvæmt tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, einn samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs, einn samkvæmt tillögu Háskóla Íslands, einn samkvæmt tillögu þeirra héraðsnefnda sem rétt eiga til þess að tilnefna í Breiðafjarðarnefnd samkvæmt 4. gr. laganna, loks skal einn fulltrúi skipaður samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Nánari ákvæði um hlutverk stjórnar og starfsemi rannsóknastöðvar á Breiðafirði setur ráðherra í reglugerð.

Héraðsráð Dalasýslu. (117. þing)

Héraðsráðið telur æskilegt að staðsetja væntanlega rannsóknarstöð samkvæmt 7. gr. í Dalasýslu eða Reykhólahreppi og óskar viðræðna þar um þegar til kemur.

Hermann Guðmundsson. (117. þing)

Ég tel að kveða þurfi fastar að orði í þessari grein. Að náttúrurannsóknarstöð skuli komið á og hún safni upplýsingum um náttúruvar og nytjar þessa svæðis á fyrri tíð, skilgreini stöðuna í nútíð og skipuleggi hvernig að skuli staðið í framtíðinni.

Náttúrufræðistofnun Íslands. (117. þing)

Stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands mælir eindregið með samþykkt þessa frumvarps

en gerir þó athugasemd við 7. grein þess. Stjórnin telur hæpið að fela Breiðafjarðarnefnd að gera tillögu um stjórn og starfsemi náttúruvannsóknarstöðvar og leggur til að orðin „að fenginni tillögu Breiðafjarðarnefndar“, falli brott úr greininni.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps. (117. þing)

Hreppsnefndin leggur áherslu á að náttúruvannsóknarstöð samkvæmt 7. gr. frumvarpsins verði staðsett í Dalasýslu eða Reykhólahreppi.

8. gr.

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar. (117. þing)

Hreppsnefnd tekur undir ákvæði 8. greinar, að kostnaður við framkvæmd laganna greiðist eingöngu og alfarið úr ríkissjóði.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum og varðhaldi. Sektir renna í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 50 þúsund krónum, til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólöglegt.

Jón Magnússon, lögfræðingur (umsögn um frumvarpsdrög).

Dagsektir nemi allt að 10 þúsund kr.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Almennar athugasemdir.

Náttúruverndarráð. (118. þing)

Náttúruverndarráð fagnar því að frumvarp til laga um vernd Breiðafjarðar hefur verið lagt fram á Alþingi en bendir á að eðlilegra hefði verið að stofna friðland í samræmi við 24. gr. laga nr. 47/1971.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar. (117. þing)

Hreppsnefnd telur jákvætt að gert sé átak í að vernda Breiðafjörðinn, með sínu auðuga náttúru- og lífríki og að með þessu lagafrumvarpi sé verið að sýna viðleitni til þess að ná utan um þetta svæði með ákveðnum hætti til þess að mögulegt sé að vernda þessa náttúruveru fyrir ágangi, raski, mengun o.m.fl. Þó bendir hreppsnefnd á eftirfarandi atriði sem talið er að þurfi að taka til athugunar við vinnslu frumvarpsins.

Nauðsynlegt er að tryggja það að ef frumvarpið verður að lögum þá verði lögin ekki til þess að skerða sjálfsforræði sveitarfélaga varðandi strandlengju, eyjar og sker, m.a. á sviði bygginga- og skipulagsmála. Hreppsnefnd telur að frumvarpið megi á engan hátt leiða til breytinga hvað þetta varðar frá gildandi lögum þar um. Bent er á að hér geti m.a. verið um að ræða að lögin hamli því ekki að sveitarfélögin geti t.d. ráðist í holræsaframkvæmdir,

hafnarframkvæmdir o.þ.h., án þess að þurfa að sækja til þess sérstakt leyfi til Breiðafjarðarnefndar eða umhverfissráðuneytis. Þessi mál verði eftir sem áður meðhöndluð samkvæmt núgildandi lögum þar um.

Hreppsnefnd veltir upp þeirri spurningu hvort þörf sé á þessari lagasetningu, ef tekið er mið af því að í hinum ýmsu núgildandi lögum er tekið á ýmsum þeim þáttum sem lagafrumvarpið fjallar um, og er þar m.a. bent á skipulags- og byggingamál, ásamt þeim ýmsu lögum og reglugerðum sem taka á málum sem tengjast nýtingu sjávarfangs o.m.fl.

Þá hefur hreppsnefnd áhyggjur af því að Breiðafjarðarnefnd geti í skjóli verndunar lífríkis komið til með að standa í vegi fyrir einstökum framfaramálum, eins og til dæmis því að einstakir firðir verði brúaðir o.þ.h. Hér er m.a. bent á áform um að Kolgrafarfjörður verði brúaður í náinni framtíð, sem er mjög mikið hagsmunamál og öryggismál fyrir þá umferð sem þar fer um. Þá gerir hreppsnefnd þá fyrirvara varðandi áform um stofnun Breiðafjarðarnefndar, að með því sé hugsanlega verið að stofnsetja óþarfa bákn til þess að fjalla um þá hluti sem um er að ræða. Þá virðist hreppsnefnd sem verk- og valdsvið Breiðafjarðarnefndar sé óljóst og að opið sé fyrir árekstra nefndarinnar við aðra aðila varðandi nýtingu og verndun svæðisins. Þá er það álit hreppsnefndar að Breiðafjarðarnefnd eigi að vera stefnumótandi aðili út frá faglegum sjónarmiðum og ráðgefandi við ráðuneyti og önnur stjórnvöld, en eigi ekki að fjalla um einstök klögumál eða deilumál sem upp kunna að koma. Loks er á það bent að eðlilegt sé að skipan nefndarinnar miðist m.a. við það að hagsmunaaðilar, á við eyjabændur, æðarræktendur o.fl. eigi aðild að nefndinni.

Varðandi verndun svæðisins, þá óttast hreppsnefnd að slíkt geti leitt til friðunar einstakra svæða og að slíkar ráðstafanir geti eingöngu orðið til óþurftar og tjóns fyrir lífríki viðkomandi svæða. Í þessu sambandi er m.a. vísað til Melrakkaeyjar á Grundarfirði, sem hefur verið friðuð um alllangt skeið með þeim afleiðingum að menn telja að hafi orðið til stórtjóns fyrir lífríki eyjarinnar. Í þessu sambandi kom fram sú skoðun að ekki sé rétt að breyta frá eðlilegri nýtingu lífríkisins og auðlinda þess frá því sem verið hefur og að því verði ekki raskað.

Framfarafélag Flateyjar. (117. þing)

„Aðalfundur Framfarafélags Flateyjar haldinn 5. mars 1994 lýsir ánægju með það markmið frumvarps til laga um vernd Breiðafjarðar að vernda náttúru og menningarminjar í firðinum og tryggja jafnframt blómlegar byggðir þar um ókomin ár.

Aðalfundurinn bendir á að í greinargerð frumvarpsins er í engu getið gömlu byggðarinnar í Flatey; þorpsins eða bókhlöðunnar, sem var fyrsta almenningsbókasafn sem reist var á Íslandi. Jafnframt eru í Flatey auk Silfurgarðsins, sem nefndur er í greinargerðinni, fleiri sjóminjar og eru sumar að hrúni komnar.

Aðalfundurinn skorar á Alþingi að tryggja varðveislu þessara menningarminja, t.d. með lagasetningu um friðun þorpsmyndarinnar í Flatey, með fjárveitingum til bókhlöðunnar og endurbyggingu og viðhalds gömlu sjóvarnagarðanna í eyinni.“

Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur (umsögn um frumvarpsdrög).

Drög að frumvarpi til laga um verndun Breiðafjarðar er að mínu áliti mikilvægt skref til að setja einhvern ramma utan um nýtingu og verndun Breiðafjarðareyja. Þetta er, eins og flestir vita, stórmál sem menn hafa lengi forðast eins og heitan graut. Mér er þessi barátta kunnug allt frá 1973 þegar Flateyjarhreppur hinn gamli leitaðist við að fá þriggja mílna sjóhelgi og veiðihelgi, en var synjað.

Drögin sem hér eru til umræðu segja mér hins vegar fremur lítið annað en að umhverfissráðherra ásamt Breiðafjarðarnefnd eigi að hafa umsögn um þetta og hitt. Allt virðist

það snúast um náttúruvernd - nema þegar kemur að lögbýlum.

Ákvæði um rannsókn- eða fræðslustöð gæti verið ákaflega mikilvægt atriði fyrir Stykkishólmi. Ferðamálanefnd Stykkishólms hefur lagt til við bæjarstjórn að hér verði stofnaður jarðfræðigarður og/eða náttúrugripasafn. Í meðfylgjandi greinargerð er þess getið að ástæða sé til að skoða ákvæði laga og hugmyndir um að stofna hér einnig náttúrustofu fyrir Vesturland. Þá var hugmyndin laustengd Breiðafjarðareyjum, en nú er hún bráðnaúðsynlegt samhengi. Slík náttúrustofa myndi teygja arma sína út um allar eyjar Breiðafjarðar. Hins vegar væri nauðsynlegt að hafa einnig aðsetur miðsvæðis í Flatey. Ég vil því beina athygli bæjarstjórnar að mikilvægi þess að skoða hugmyndir um jarðfræðigarð-náttúrugripasafn-náttúrustofu í tengslum við verndun Breiðafjarðareyja.

Náttúrustofa myndi binda Stykkishólmi enn fastari böndum við Flatey og gæti með tímanum þróast í mjög nán atvinnuleg og menningarleg tengsl við eyjarnar. Þá væri einnig eðlilegt að minjavörður í Stykkishólmi hefði á sínum snærum eyjarnar óteljandi. Stykkishólmur er miklu eðlilegri samstarfsaðili við eyjarnar en Reykhólar vegna samgangna og samskipta, og hér ætti miðstöð sveitarstjórnarmála Breiðafjarðareyja tvímælalaust að vera.

Sjávarútvegsráðuneyti, Jón B. Jónasson. (117. þing)

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til þess á þessu stigi að koma frekari athugasemdum á framfæri að öðru leyti en því að það telur að huga beri sérstaklega að reglum um selveiðar á þessu svæði.

Eyjaferðir, Pétur Ágústsson. (117. þing)

Undirritaður, fyrir hönd Eyjaferða í Stykkishólmi, telur að ofangreint frumvarp sé að mörgu leyti meingallað eins og það liggur fyrir í þessum drögum sem send voru út. Auk þess eru í dag til bæði lög og reglugerðir sem kveða á um sömu atriði og fjallað er um í frumvarpinu og væri því að mörgu leyti réttara að fylgja betur eftir þeim reglugerðum fremur en að smíða nýjar.

Undirritaður er fæddur og uppalinn í Breiðafjarðareyjum og hefur þar af leiðandi fylgst náið með búsetu og lífríki svæðisins og telur sig því hafa nokkuð góða þekkingu á málefnum.

Við teljum því brýnt að menn leiti sér gleggri upplýsinga og verði betur meðvitaðir um þá þætti sem skipta búsetu fólks og atvinnuhætti í dag megin máli. Við skorum því á umhverfisnefnd Alþingis að leita til þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta í víðum skilningi og reyna með því að gera sér grein fyrir því hvað skiptir megin máli í sambandi við skynsamlega verndun og hagnýtingu Breiðafjarðar um ókomna tíð.

Bæjarstjórn Stykkishólms. (117. þing)

Bæjarstjórn telur, að samþykkt frumvarps þessa sé til bóta fyrir Breiðafjörð.

Hafa þarf í huga og ef til vill gera sérstaka grein fyrir því, að á engan hátt sé verið að takmarka nýtingu auðlinda fjarðarins, s.s. botndýra, sem nú eru nýtt eða nýtanleg verða talin síðar, einnig sé ljóst, að ekki sé verið að takmarka möguleika smábáta til veiða. Jafnframt verði ekki takmörkuð sérstaklega forræði sveitarstjórna yfir málaflokkum, sem undir þær heyra, s.s. bygginga- og skipulagsmál.

Þá telur bæjarstjórn Stykkishólms nauðsynlegt, að tekið sé tillit til umferðar ferðamanna um svæðið og nauðsynlegt er, að unnið verði að skipulagi ferðapjónustu í samráði við haggsmunaaðila, bæði ferðapjónustuaðila og landeigenda.

Bæjarstjórn Stykkishólms ákvað, að efni frumvarps þessa ætti erindi til allra bæjarbúa og var þá ákveðið að birta frumvarpsdrögin í heild í „Stykkishólmspóstinum“ og óska eftir athugasemdum eða ábendingum.

Eftirtaldir aðilar sendu skriflegar ábendingar:
 Jón Magnússon, lögfræðingur,
 Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóri Eyjaferða s.f.
 Guðmundur Páll Ólafsson, náttúrufræðingur.

Æðavé. (117. þing)

Ekki fer á milli mála að fyrirhugað verndarsvæði á innanverðum Breiðafirði er mesta samfellda æðarvarpssvæði landsins. Þar hjálpast að auðugt lífríki á grunnsævi til að framfleyta hinum stóra æðarstofni og eyjafjöldinn, þar sem eru varpstöðvar hans og griðland frá fornu fari.

Meðan byggð var í eyjum og á öllum varpjörðum naut fuglinn verndar ábúenda og er svo víðast enn. Leggja ber áherslu á að slík vernd haldist sem best framvegis.

Tilkoma minksins var afdrifarík fyrir suma hluta svæðisins og olli eyðingu, en öðrum hlutum þess virðist hægt að halda hreinum. Einnig hafa menn komist upp á lag með að hreinsa svæði og ná upp varpi á ný. Full ástæða er til að gefa því gaum að stór hluti fyrirhugaðs verndarsvæðis er með öllu laus við minkinn, sem er mikil og dýrmæt sérstaða, og þeirri sérstöðu á að vera hægt að halda.

„Vargfuglar“ geta valdið skaða ef ekki er spornað við fjölgun þeirra.

Á það skal lögð áhersla hér að við vernd Breiðafjarðarsvæðisins skal ekki síst tryggja framtíð æðarvarpsins, og byggja þar á aldalangri reynslu og hefð. Búsetu ber að styrkja og leggja áherslu á rétta umgengni um svæðið.

Í framtíðinni hljóta að koma upp andstæð sjónarmið sem erfitt getur orðið að samræma. Þannig segir t.d. í athugasemdum við frumvarpið á bls. 3, þar sem talin eru upp helstu markmið: ... 3. að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af. ...

Síðar segir: ...5. að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Ef grannt er skoðað rekast þessi sjónarmið á í grundvallaratriðum. Eyjabúskapnum **getur** stafað stórhætta af vaxandi túrismi, og því ber að setja þeim síðarnefnda allstrangar reglur frá upphafi. Umferð aðkomufólks um varplönd á varptíma kemur ekki til greina.

Fram eftir sumri er æðarfugl með unghópa hvarvetna á grunnsævinu, um flóa, sund og innfirði. Þá getur verið vandfarið þar um án þess að tvístra þeim hópum og valda miklum usla. Ungaræningjar tína upp það sem villist frá mæðrum. Óheftur þeysingur hraðbáta um svæðið á engan rétt á sér, og ferðamannaumferð yrði að lúta settum reglum á viðkvæmum árstíma.

Óhjákvæmilegt er að viðhafa framvegis fornar og hefðbundnar varnaraðgerðir gegn „vargdýrum“, ef styrkja á „eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði“.

Það er eins og hvert annað náttúruvæðingarmál að tjónvaldar sækja þangað sem mest fengs er von. Eyjarnar verður að verja fyrir ágangi vargfugla; (svartbaks, hrafns o.fl.) en einnig tófu og minks, ef lögin eiga að þjóna tilgangi sínum. Jafnvel erminum þarf að setja skorður líka, og venja á önnur svæði en Breiðafjarðareyjar.

Að lokum skal bend á eftirfarandi: Tilgangur laganna er að vernda innanverðan Breiðafjörð og sérstæð náttúruskilyrði þess stóra svæðis. Á undanförunum árum hafa grásleppuveiðar aukist þar mjög eins og víðar og er svo komið að flestum er ljóst að þar verður að spyrna við fótum. Stórir hlutir þess svæðis sem nú á að vernda eru undirlagðir netatrossum frá vori og fram eftir sumri. Vitað er að oft hafa net glatast og því hugsanlega um veiðandi „drauganet“ að ræða á svæðinu. Þarna var mikið landselapláss, en selnum hefur stórfækkað. Virðist jafnvel horfinn af sumum svæðum þar sem mikið var af honum áður.

Ástæðan sýnist augljós; netin drepa kópa og ungsel meira en hefðbundnar kópaveiðar í látrum gerðu.

Þá valda áhrif veiðanna á fuglalífið einnig áhyggjum. Framhald á þessu getur á engan hátt samrýmst tilgangi þeirra laga sem nú á að setja. Veiðunum verður því að setja skorður áður en í frekara óefni er komið. Hér er þó um viðkvæmt mál að ræða og mismunandi hagsmuni, en engum verður þó til hagsbóta, þegar fram í sækir, að varanleg spjöll hljóttist af veiðunum. Því er það hagsmunamál allra að á málinu verði tekið af fullu raunsæi, nú við lagasetningu.

Til bóta gæti verið að stytta veiðitíma, takmarka netafjölda, binda veiðileyfi við heimamenn, o.s.frv. Varðandi æðarvarpið væri til mikilla bóta að veiðitími væri ekki lengri en frá 20. maí - 20. júlí.

Og að síðustu; framkvæmd laganna og umsjón með svæðinu verði sem allra léttust í vöfum, skrifræði stillt sem mest í hóf og umsýsla í höndum heimamanna.

Beitt sé leiðbeiningum og hvatningu, þar sem hægt er, en viðurlögum ella. Fara ætti hægt í refsingar meðan hefðir eru að festast í sessi.

Eignarhaldi hlunnindajarða þarf nauðsynlega að gefa gaum við lagasetninguna. Það ætti að vera í höndum ábúenda, sveitarfélaga eða ríkis. Koma þarf í veg fyrir uppkaup peningamanna, - að ekki sé talað um útlendinga.

Samtök selabænda. (117. þing)

1. Mörgum hefur verið ljóst lengi að þörf er á lagasetningu um Breiðafjarðarsvæðið, vegna sérstakra aðstæðna þar, og stórfelldra breytinga í byggðamálum. Því ber að þakka að frumvarp þetta skuli fram komið.

2. Ef grannt er skoðað gengur frumvarpið einkum út á það að ráðherra, með nefnd sér við hlið, skuli segja fyrir um meðferð og nýtingu svæðisins, og stjórna með reglugerðum. Þó verður að teljast æskilegt að ákveðin atriði séu bundin í lögum, þar sem hægt er að koma því við, frekar en að þau séu háð reglugerðum.

3. Selur hefur verið friðaður með lögum fyrir skotveiðum á innanverðum Breiðafirði frá því á síðustu öld. Æskilegt væri að friðunarlínan frá 1925 sé lögbundin áfram. Hún liggur nokkuð nærri mörkum þess svæðis sem fyrirhugað er að friða og vernda nú. Ástæðulaust og óæskilegt sýnist vera að afnema lögbundna friðun sels fyrir skothernaði á því svæði.

Þar sem mörgum hefur verið sent þetta mál til umsagnar verður hér á eftir einkum vikið að þeirri hliðinni sem að sel og selveiðum snýr.

Eins og rakið er í athugasemdum með frumvarpinu hefur lengst af verið mikil byggð í eyjunum, allt fram um miðja þessa öld, og á landjörðum með eyjagagn. Á því hefur orðið mikil breyting. Þrátt fyrir miklar nytjar hélst hið auðuga dýralíf eyjanna í ótrúlega góðu jafnvægi. Það kennir okkur tvennt. Annars vegar um styrk og auð lífríkisins og næringaruppsprettunnar, hins vegar um rótgróinn skilning heimamanna á því hve langt megi ganga í nýtingunni. Sá skilningur hafði fengist með aldalangri reynslu, og menn lutu ströngum reglum, skráðum og óskráðum. Þar litu grannar hver eftir öðrum, og menn komust ekki upp með það til lengdar að brjóta þær reglur. Skrifstofa suður í Reykjavík kæmi aldrei í stað þess eftirlits. Þess vegna ættu lög og reglur að stuðla að búsetu í framtíðinni og forðast að torvelða hana. Ef bændur á umræddu svæði skilja hlutverk sitt sem gæslumenn mikilla verðmæta er í fullu gildi slagorðið; „Búseta er besta vörmin“.

Á því svæði sem lagafrumvarpið nær til voru landselur og útselur nánast hluti af búsmala eyjabænda um aldir, allt fram undir okkar daga. Stundum var gengið of nærri stofnunum, en þá löguðu menn sig að þeirri reynslu. Um 1980 lögðust vorkópaveiðar að mestu niður vegna lokunar skinnamarkaðarins, en áður var um langt skeið góður markaður

fyrir landsselskópaskinnin. Kóparnir veiðast í net og látrum hvernar jarðar samkvæmt aldalangri hefð en skotveiði er bönnuð innan línu sem liggur nærri mörkum hins fyrirhugaða friðunarsvæðis. Reynslan hafði kennt mönnum að skotveiði eyðileggur látur. Þrátt fyrir samfellda kópaveiði í látrum um aldaraðir var hún kannske aldrei meiri en undir það að hún lagðist að mestu niður, og segir það okkur að hún veidur ekki skaða í lífríkinu. Tekinn er hluti árlegrar viðkomu en nóg verður eftir til viðhalds og fjölgunar. Fullorðni selurinn kemur, hver á sitt svæði, á vorin til að kæpa, ala upp og yfirgefa síðan afkvæmið, á 4-6 vikum. Allt er það afstaðið - ásamt veiðunum - á þeim tíma, en síðanallt tíðindalaust til næsta vors. Á alllöngu árabili fyrir 1980 má áætla að á svæðinu hafi verið teknir á þennan hátt 800-1000 vorkópar árlega.

Þegar þær veiðar lögðust niður vegna markaðshrunsins óttuðust ýmsir stórfellda fjölgun landsels en reynslan hefur orðið önnur. Kunnugum ber saman um að honum hafi stórfækkað, jafnvel svo að tala megi um hrun á því sambandi. Þar sem áður var mikið af honum í látrum á vorin sjáist hann varla nú. Það á t.d. við um Hergilsey, sem var mesta selveiðijörðin, með hátt í 200 kópa árlega veiði fyrir umskiptin. Í Skáleyjum þar sem ennþá er stunduð vorkópaveiði lætur nærri að u.þ.b. ½ veiðist nú miðað við árlega veiði áður. Með sama áframhaldi virðast horfur á að í aldaða stefni í þessu fyrrverandi gösenlandi landsels - innanverðum Breiðafirði.

Ástæður kunna að vera fleiri en ein, m.a. skothernaður á vissu árabili sem um er getið í athugasemdum frumvarpsins, þar sem gildandi landslög voru brotin, enda talin úrelt af mörgum. Þeim ósköpum á þó að hafa linnt þegar því fékkst framgengt að hætta greiðslum fyrir að drepa landsel.

Nærtækasta skýringin, og reyndar næsta augljós, á fækkuninni, eru grásleppuveiðarnar. Þær hafa aukist ár frá ári með vaxandi netafjölda um allan innanverðan Breiðafjörð. Hugsanlega leynast þar veiðandi drauganet því oft hafa tapast trossur í rosum, þó að sennilega fyllist þær af þara og leggist á botninn í flestum tilfellum.

En þetta gerist árlega: Grásleppuveiðarnar eru stundaðar þarna langt fram á sumar. Þegar landselurinn hefur lokið sínu hlutverki í látrunum í júní, er hann talinn vera æði matlystugur og sækir í ætið í grásleppunetunum út um allan fjörð. Þeir fullorðnu hafa vit á að festa sig ekki í þeim sjálfir, en ekki kóparnir. Mönnum ber saman um að mjög mikið hafi farist í netunum af ungsel árlega eftir að grásleppuveiðarnar færðust í aukana, en úr því dragi nú jafnt og þétt, sem skýrist vart af öðru en fækkun selsins. Talað er um að landselur sé nú nánast horfinn með öllu á sunnanverðum Breiðafirði þar sem veiðipunginn er mjög mikill. Þar var veruleg kópaveiði í grásleppunetin fyrir 1-2 áratugum.

Það sýnist m.ö.o. ljóst að grásleppuveiðarnar drepa meira af selnum en hefðbundnu látraveiðarnar gerðu áður og muni valda geryðingu með sama áframhaldi.

Um útselinn gegnir öðru máli. Eins og hjá landselnum ríkti sémilegt jafnvægi þar meðan eyjabúskapur var í föstum skorðum. Svipaður fjöldi haustkópa fékkst árlega á hverri jörð. Í seinni tíð hefur útselnum stórfjölgad þrátt fyrir mikla veiði og greiðslur fyrir að farga honum, og er ekki sjáanlegt annað en hann komi að, inn á svæðið, til kæpingar á haustin. Jafnvel hefur verið giskað á að hann sé farinn að flakka milli landa; komi t.d. frá Bretlandseyjum þar sem hann er friðaður. Hvað sem því líður er hann í lítilli hættu fyrir grásleppuveiðunum miðað við landselinn, þar sem hann kæpir á haustin eftir að grásleppuvertíð er löngu lokið. Að þarna sé um aðkomusel að ræða er stutt þeirri staðreynd að hann kæpir ekki dreift um allt svæðið eins og áður var, heldur í miklum flokkum á ystu skerjum og eyjaklösum, og á svæðum þar sem hann var ekki áður.

Nú var eyjabændum áður ekki of mikið um útselinn gefið og töldu hann hrekja landselinn burt, en þar að auki mun hann vera miklu meiri hringormafframleiðandi og átvagl

en landselurinn, enda miklu stærri, og því kann að vera full þörf á að stemma stigu við fjölgun hans úr hófi. Reyndar hefur verið herjað fast á hann undanfarið.

Þangöflun, með tilheyrandi umferð og vélavinnu er nú stunduð árlega á skerjaflákum Breiðafjarðar. Reynslan bendir til þess að þetta bitni ekki á selastofnunum ef aðgæsla er viðhöfð. Þannig má benda á að fækkun landsels undanfarið er síst minni þar sem engin þangöflun hefur verið (sjá Hergilsey hér að framan t.d.). Þó er augljóst að ekki ætti að stunda öflun í selalátrum, og næsta nágrenni þeirra, á vorin meðan kæping og uppeldi er þar í gangi. Á þeim svæðum ætti að banna umrædda öflun fram til júníloka.

Túristaumferð og hraðbátaferðir um svæðið þurfa nauðsynlega að lúta ákveðnum reglum. Nú má segja að selurinn sé ekki mjög viðkvæmur fyrir slíku ef hann verður ekki fyrir skotárásum eða annarri áreitni í sambandi við slíkt, að öðrum kosti má búast við truflun og flóttu.

Hins vegar er æðarfugl með unгахópa um allt svæðið í stórhættu fyrir ógætilegri umferð. Heimamenn gæta þess eftir föngum að tvístra ekki slíkum hópum á sumrin. Fleiri fuglategundir geta orðið fyrir barðinu á ógætilegri umferð og þess vegna þarf að huga að hraðbátapeysingi um eyjasundin yfir sumartímenn.

Lögð skal áhersla á að staðkunnugir heimamenn séu með í ráðum um reglugerðir sem settar verða. Reyndar er gengið út frá því í 3. gr. frumvarpsins, og skýringum við hana.

Varðandi mannvirkjagerð á lögbýlum má minna á byggingarnefndir og byggingarfulltrúa o.s.frv. E.t.v. væri rétt að Breiðafjarðarnefnd gegndi ekki stórn hlutverki á sama sviði heldur aðeins í undantekningartilfellum.

Hugsanlega þyrfti að athuga 8. gr. betur, þannig að ekki sé beitt hörðum refsiakvæðum meðan menn aðlagast nýjum viðhorfum. En ljóst er þó að viðurlög verða að vera fyrir hendi, eigi að vernda svæðið.